

**Ed.**

## **282. Frumvarp til laga**

um veiði, sölu og útflutning á kola.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Bannað er að veiða, flytja á land eða selja, hvort heldur innan lands eða til útflutnings, eða kaupa skarkola (*Pleuronectes platessa*), þykkvalúru (*Pleuronectes microcephalus*), sandkola (*Pleuronectes limanda*) og langlúru (*Pleuronectes cynoglossus*), sem er smærri en 27 sentimetrar á lengd og 250 grömm að þyngd.

### **2. gr.**

Nú eru kolategundir þær, er í 1. gr. getur, og stærri eða þyngri en þar greinir, ætlaðar til útflutnings, hvort heldur nýjar, isvarðar, frystar, reyktar eða saltaðar, og skulu þær þá metnar og flokkaðar af fiskimatsmanni. Skal fiskimatsmaðurinn gefa vottorð um gæði og flokkun fisksins og geta um merkingu umbúða á vottorðinu, en vigtarvottorð, ef fiskurinn er fluttur út án umbúða.

Undanþeginn mati er sá fiskur, sem veiðist á skip, sem aðeins flytja eiginn afla á erlendan markað.

Um þóknun fiskimatsmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931.

### **3. gr.**

Yfirfiskimatsmenn skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara séu haldin. Enn fremur skulu þeir jafnframt hafa eftirlit með, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki ráðherra geta yfirfiskimatsmenn falið fiskimatsmönnum að annast eftirlitið í fjarveru sinni, og skal greiðsla fyrir starfið ákveðin af ráðherra. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Fiskideild Háskóla Íslands skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir fiska hjá seljendum eða kaupendum fisks og kaupa fisk af eigendum til rannsóknanna við sannvirði, ef hún óskar þess.

### **4. gr.**

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð, og má í reglugerðinni setja ákvæði um sektir fyrir brot á henni.

### **5. gr.**

Sá, sem gerist brotlegur við ákvæði 1. gr. með því að veiða, flytja á land, selja eða kaupa smærri kola en þar er leyft, skal sæta sektum svo sem hér greinir:

Fyrir fyrsta brot 500 krónur.

Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum, sem orðið hefur brotlegur þrisvar eða oft.

Fyrir brot gegn 2. gr. greiðist 300 króna sekt fyrir fyrsta brot og 500 krónur fyrir hvert brot þar eftir.

Sektirnar renna í ríkissjóð.

### **6. gr.**

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglu-mál.

### **7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.